P Scan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skriflog bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

24. ár. | Reykjavík, 30. des. 1918. | № 12.

Friður.

Loksins hefur sá dagur runnið upp að friður sé kominn á aftur. Vonandi verður það framhaldsfriður. Vopnin verða ekki tekin upp aftur að þessu sinni. Blóðsúthellingunum og morðunum er létt af mannkyninu.

Allir menn um víða veröldu, sem nokkuð hugsa, munu fagna þessu. Í fyrsta sinni eftir 51 mánaðar blóðuga víga og manndrápa-öld, geta menn lagst óhultir til svefns að kvöldi, án þess að eiga von á að heyra hinar voðalegu fréttir um manndráp og morð, þegar þeir vöknuðu.

Jólin, þessi friðarhátíð kristinna manna, rennur nú loks upp eftir 4 ára tímabil, sem hinn sami ljóss og friðarboði og venjulega, Og vegna undanfarins hörmungarástands í heiminum, hafa þau nú orðið mannkyninu enn þá dýrmætari, en nokkru sinni áður. — — —

Fyrir oss hér á landi hafa þessi síðustu jól líka orðið endir á þungum sorgartíma. Þrátt fyrir það að vér höfum tiltölulega lítið til stríðsins fundið að öðru leyti en mikilli dýrtíð og erfiðum samgöngum við umheiminn, þá höfum vér einnig átt vora »vondu daga«. vora sorgar og neyðartíma, einkum hér í Reykjavík.

Hin mikla skæða landfarssótt, sem hér geysaði síðastlið. nóv. og fram í des. hefir flutt sorg og bágindi yfir allan þenna bæ, og hvar sem hún hefir náð að festa rætur. Hún hefir svift fjölda barna foreldrum sínum, konur mönnum og börnum sínum og menn eiginkonum og börnum. Vinir og vandamenn hafa verið hrifnir frá ungum börnum og einstæðings gamalmennum. Margir hafa mist alla aðstandendur sína og staðið eftir öldungis mnnaðarlausir. —

En þessi farsótt hefir líka flutt okkur nokkuð annað. Hún hefur opnað augu manna og hjörtu fyrir þeim sannleika, að við erum öll bræður og systur, sem verðum að hjálpa hvort öðru, þegar sorg og bágindi berja að dyrum. Aldrei hefir hér í bæ, eða líklega hér á landi, komið í ljós jafn almenn fórnfýsi og hjálpsemi. Það má segja að undantekningarlítið hafi allir, sem gátu, á ýmsan hátt lagt sig fram með að liðsinna og hjálpa. Sumir með margháttaðri vinnu, sumir með fégjöfum og margir með hvorutveggja. Auk samskotagjafanna, sem voru á milli 60—70,000 krónur, var ákaflega mikið gefið af einstökum mönnum beina leið frá þeim til heimilanna, í peningum, mat eða fatnaði, olíu eldsneyti o. s. frv. Fjöldi barna var tekinn frá ýmsum, sem lágu veikir, um lengri eða skemri tíma, og að síðustu voru flest þau börn tekin til fósturs fyrir ekkert, sem mist höfðu annaðhvort eða báða foreldra sína, og enga vandamenn áttu, sem gátu eða vildu ala þau upp. Sumir tóku jafnvel 2—3 börn til fullkomins fósturs sem eiginbörn.

Menn hafa víst alment lesið skýrslu formanns hjálparnefndarinnar, prófessors Lárusar H. Bjarnasonar, í »Morgunblaðinu« eða »Fróni« og geta þá af henni dæmt um ástandið hér í bæ um þær mundir. Má víst óhætt segja að hann hafi verið fyrsti hvatamaður að þessari reglubundnu hjálp, sem hann síðan stóð fyrir á meðan nefndin starfaði. Hvort slík hjálp hefði komist á, ef enginn utan stjórnarráðsins hefði stungið upp á því, er ekki gott að vita. Ólíklegt samt að þá hefði verið gerð jafn rækileg gangskör að því að kynna sér ástandið svo fljótt og nú var gert.

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

Margir halda því fram að þótt samskotin væru mikil, þá hafi þó meira fé verið gefið að öllu samantöldu prívat, til bágstaddra, af ýmsum.

Þetta alt ber vott um það, að menn-irnir eru alment miklu betri en af er látið af ýmsum siðferðisprédikurum. Þegar veruleg neyð er fyrir hendi þá brotnar skelin, sem hylur svo margar góðar tilfinningar. Þá láta menn bæði hjartað og skynsemina verða samferða, þá hverfur stéttamunurinn og stéttarígurinn. Þá er aðeins hugsað um að bjarga fólki, lina þjáningar og mýkja sorg og söknuð. Þá fyrst sést hvað mikið manneskjurnar eiga til af góðu og göfugu, þegar barið er að réttum dyrum.

Það er þessi vitneskja, sem við fengum núna svo áþreifanlega, sem varð stóra jólagjöfin okkar, ljósið, í svartasta skammdeginu, friðarboginn, sem sýndi svo ljóslega að til er brú milli sálna og tilfinninga allra manna, jafnvel þeirra, sem fátt hefir verið áður á milli. — — —

Og eins og þetta getur komið fram við ýms tækifæri í litlu þjóðfélagi og milli einstaklinganna, svo fer því einnig á stærri sviðum, þar sem stærri viðburðir og verkefni eru fyrir höndum. Því vonum vér og trúum að upp af hinum blóði storkna friði, sem nú er í byrjun, spretti sannur og varanlegur friður milli allra þjóða. Að þeim úrslitum óska nú allar konur hins mentaða heims að fá að vinna. þær vilja tryggja börnum sínum og öllu mannkyninu framtíðarinnar bestu gjöf: *Friðinn*, til þroska og fullkomnunar í öllum efnum.

Stóra syndin hennar ömmu.

(Þýtt úr sænsku.)

Hún amma bjó ekki hjá syni sínum og tengda dóttur, heldur svolítið spölkorn neðar í sömu götunni, því hún vildi ekki trufla þau of oft. Það væri svo sem eðlilegt að þeim þætti best að vera út af fyrir sig, án þess að þurfa altaf að vera að taka tillit til hennar. Þau áttu sína sérstöku vini og kunningja, eins og annað ungt fólk, og þurftu að hafa sínar sérstöku skemtanir, sem ekki gátu ætlið átt við gamla manneskju á hennar aldri. Þegar þau vildu sjá hana, gátu þau símað. Því þangað kom hún aldrei óboðin. — Það er góður siður, að troða engan of oft um tær.

Jú, auðvitað kom hún ætlð rétt fyrir hádegið, svona óboðin. En það var alt annað. Þá hafði hún ekkert erindi, hvorki til sonar síns né tengdadóttur, heldur til þriðju manneskjunnar sem þar var, hans Gippa litla, sem nú var hálfs þriðja árs gamall herramaður, sem hafði gert hana að ömmu. Eiginlega hét hann Jörgen, en af því hann hafði sjálfur skírt sig Gippa, þá var hann aldrei kallaður annað.

Svo indælt barn hafði nú líka aldrei verið til. Augun hans voru blá, eins og blásóleyjar, og tindruðu eins og stjörnur, þegnr hann hló, sem hann gerði næstum altaf, því hann var það elskulegasta, litla sólskinsbarn, sem hægt var að hugsa sér. Langir, gulir, hrokknir lokkar liðuðust ofan um hvíta kragann hans, og spékopparnir í kinnunum á honum lukust upp og læstust aftur allan daginn út í gegn.

Um hádegisbilið var hún vön að taka prjónana sína — því hún prjónaði altaf húfur eða vetlinga handa vinum sínum og frændfólki — stakk þeim ofan í stóru töskuna sína og lagði af stað til að heimsækja Gippa litla.

Hún hringdi á alveg sérstakan hátt, fyrst meðallagi langa hringingu og svo eina stutta. Gippi þekti hennar hringingu frá öllum öðrum enda heyrði hún jafnan strax á eftir skæru röddina hans hrópa:

Nú kemur hún amma!
Nú kemur hún amma!

og hljóðið af litlum hlaupandi fótum heyrðist brátt út til hennar. Og hvort sem vinnukonan eða tengadóttirin lauk upp dyrunum, þá var Gippi sá, sem fyrstur heilsaði henni í dyrunum.

Já, guð minn góður, hvað hann var sætur, þegar hann umfaðmaði hana svo langt upp eftir sem litlu handleggirnir hans náðu.

Þau voru góðir vinir, amma og hann. Þegar hún var komin úr yfirklæðnnum, dró hann hana inn með sér. Honum fanst hún annars ganga of hægt. Og svo byrjaði nú gamanið, það er að segja leikirnir.

Auðvitað hafði amma tekið upp prjónana sína og ætlaði nú að halda áfram vinnu sinni, eins og mamma hans. En úr þeim vinnubrögðum varð nú ekki sérlega mikið. Hún varð að byggja spilahús handa Gippa, sem svo blés þau altaf um koll. En hvað hún varð líka hrædd og hissa, þegar hann gat látið þau allra stærstu hrynja. Og honum gekk það svo vel, að hann áleit sig hreinustu hetju. Og svo þegar þau léku hermannagöngu og

hann gekk um gólf á undan, löngum skrefum, og barði bumbuna ósleitilega, eða blés í horn, þá var það mjög voldug sjón. En Gippi var allra duglegastur, því hann bæði blés í hornið og barði bumbuna um leið svo duglega, að hún tók yfir alla hina músikina. Og þegar þau höfðu nú gengið svo lengi, að þau voru orðin dálítið þreytt, þá settist amma niður, tók Gippa á kné sér og söng:

Gippi átti að keyra,
og Kráku fyrir reyra.
en engan kúskinn kunni fá
svo kappinn veltist til og frá
og síðast hann ofan í síkið datt,
sá fékk votan hatt!

Og þegar amma söng um hvernig hann valt til og frá þá hallaði hún Gippa langt sitt út í hvora hlið, og þegar hún söng um að hann valt ofan í síkið, þá lét hún Gippa velta ofan á gólfið, en auðvitað svo hægt að hann meiddi sig ekki. Og þar lá hann svo og sprikladi og hló hástöfum.

Um hádegisbilið átti Gippi að fara að sofa, en það gekk nú heldur seint, því hann hafði auðsjáanlega þá skoðun að það væri illa farið með tímanu að sofa svona snemma dagsins þegar hægt væri að nota hann á miklu skemtilegri hátt. Hann hljóðaði og mótmælti þessu þegar hann var lagður ofan í rúmið, og hélt augunum með vilja galopnum, svo lengi sem hann gat. Mamma hans, sem hafði ýmislegt að gera, varð þreytt á þessu stauti og tók því þakksamlega að amma frelsaði hana frá því.

Amma gamla fór að engu óðslega. Gippi mátti hennar vegna liggja svo lengi vakandi sem hann vildi, og allra helzt með opnum augum. Augun hans voru svo falleg að maður gat aldrei þreyzt á að horfa í þau. Og hljóðin og mótmælin urðu líka mjög lítil þegar amma svæfði hann. Hún fór svo hægt og fallega að honum. Tók hann, setti hann fyrst í kné sér ofurlitla stund, og fór að segja honum sögu. Og mitt undir merkilegustu söguviðburðunum stóð hún hljóðlega upp og lagði hann gætilega ofan í rúmið hans, svo að hann vissi ekki einu sinni hvernig hann hefði komið þangað. Og væri hann nú ekki orðinn syfjaður, þegar sagan var húin þá söng hún við hann hverja vögguvísuna á fætur annari. Og dygði nú ekkert af þessu, þá ýtti hún rúminu svolítið til, svo það vaggaðist ofurlítið alveg eins og vagga. Það var nú auðvitað samt bannað. Hvorki mamma eða pabbi Gippa voru ánægð með þessa uppeldisaðferð. En amma skildi ekki allar þessar nýmóðins uppeldisreglur, og þegar svo mörg börn frá hennar eigin ungdóms og fullorðinsárum höfðu þolað svo mikið rugg til og frá, og samt haldið heilsu og orðið duglegt og ágætt fólk, þá gat hún ekki skilið að það gæti geri Gippa nokkurn skaða.

Svo þegar búið var að loka hurðinni á milli herbergjanna, og mamma og vinnukonan voru komnar fram, þá fór rúmið altaf að rugga dálítið, og löngu augnahárin hans Gippa lögðust þá bráðlega mjúkt og hægt ofan fyrir augun.

Og þegar þau svo lukust upp aftur þá sat amma þar enn þá, og hafði prjónað margar umferðir á vetlingnum eða sokknum sínum. En nú varð aftur nóg að gera, því nú átti Gippi að fara að borða, og amma átti að mata hann. Það var nú líka verk, sem ekki gekk ætíð sérlega fljótt, því þá hafði Gippi ótal hluti að fást við, eða tala um milli skeiðanna, og hann var nú svoleiðis gerður, að hann hugsaði meira um að seðja áhuga og fróðleiksfýsn síns starfsama anda, en að uppfylla kröfur líkamans.

Ef faðir hans hefði nú matað hann þá hefði hann sagt: „Ettu nú bara! Vertu ekki að neinu rugli!“ Og ef mamma hans hefði haldið á skeiðinni þá hefði hún sagt: „Vertu nú vænn drengur og flýttu þér að borða, annars færðu ekki að fara ofan í garðinn.“ Og þetta hvorutveggja hefði dugað ágætlega, því Gippi vissi að pabbi og mamma höfðu alt húsbændavaldið. En með ömmu var það alt annað mál. Þar var ekkert að óttast, og gerði maður eins og hún vildi, þá var það af því að það var svo gaman.

Þegar það var amma, sem hélt á skeiðinni, þá fann hún altaf litlar varir, sem voru svo fast klemdar saman eins og hurðlæst garðshlið. Maður varð að kunna inngönguorðið til þess að komast inn, og það inngönguorð breyttist altaf við hvert skeiðarblað. Í fyrstu var byrjað með að þetta væri pabba skeið, sem nú vildi komast inn, svo kom mömmu skeið, og Gippi gat ekki verið svo óvingjarnlegur að neita að opna dyrnar fyrir þær báðar. En svo þegar allir kunnugir höfðu fengið sína skeið, þá varð að fara að leika leikhúsið. — Nú kemur kóngurinn, — sagði amma. — Hann ætlar ofan í kjallarann sinn, til að vita hvort hann á nokkuð eftir þar niðri af góðu víni. Og Gippi gat auðvitað ekki neitað kónginum um að komast ofan í kjallarann sinn. Svo kom drottningin, sem vildi komast inn og vita hvert kóngurinn hefði farið. Síðan komu prinsinn og prinsessan og hirðmennirnir og hirðmeyjarnar, allir í sama erindi, til að gæta að hvert hin hefðu farið, og Gippi varð að hleypa þeim öllum inn, því kóngurinn varð að fá að hafa fólk hjá sér þarna niðri í kjallaranum, annars leiddist honum svo mikið. Og svo var veilingsdiskurinn alt í einu orðinn galtómur, og andlitið á ömmu ljómaði af ánægju. Hún gat fengið Gippa til að borða, ekki síður en mamma og pabbi, og hennar lag var betra en þeirra, því það sameinaði það nytsama og það skemtilega.

Og Gippi var fullkomlega sammála ömmu, bæði

um þessa aðferð og aðrar. Og þegar foreldrar hans við og við sögðu eitthvað, hálft um hálft undir rós, og sýndu að þau voru óánægð með uppeldisaðferðir ömmu — sem Gippi skildi mjög vel, þó þau héldu það ekki — þá varð hann altaf vinveittari ömmu og tók hennar taum, og svo komst á einskonar leynisamband milli þeirra beggja, sem voru jafnan svo líkrar skoðunar. Pabbi og mamma litu aftur á flest sömu augum, en Gippi og amma þvert á móti; því var auðvitað að þau héldu saman.

Annað var það, sem líka stuðlaði að því að sameina Gippa og ömmu, það var stóra handtaskan hennar, sem prjónarnir voru í. Í þeirri tösku var nefnilega fleira en prjónarnir. Þar voru líka oftast litlir pappírspokar, sem pabbi og mamma vissu ekkert um, en þessir pokar voru altaf fullir, stundum af kökum, karamellum, súkkulaði, eða fínum brjóstsykri, og Gippi vissi mjög vel um tilveru þeirra í töskunni, þótt pabbi og mamma vissu það ekki. Litla hendin hans hafði oftsinnis verið niðri í þeim og veitt upp úr þeim ótal sælgætistegundir. En það sagði hann ekki mömmu og pabba, því hann vissi mjög vel, að þesskonar hlutir voru forboðin vara, af því að fullyrt var, að litli maginn hans hefði ekki gott af þeim. En því trúði nú hvorki amma eða Gippi og því geymdu þau þetta leyndarmál hjá sér.

Utan úr heimi.

Kosningarnar til auka-Parlamentisins

fóru fram 14. des. og áttu að auglýsast 28. s. m. Ýmsar konur buðu sig fram sem þingmannsefni. Meðal þeirra var hin gamla Mrs. Despard, »The mother of Battersea«, sem er eitt fátækrahverfi í London, sem hún hefir búið í og starfað að fátækra og góðgerðamálum í yfir 30 ár. Sjálf er hún nú hátt á áttræðisaldri og mjög ern enn þá. Hún bauð sig einnitt fram í Battersea, og telja þau blöð víst, er vér höfum séð að hún hafi náð kosningu. Mrs. Despard er systir Sir John Francis. Hún er útgefandi og ritstjóri kvenréttindablaðsins »The Vote«, og heitur friðarvinur, sem mótmælti ófriðinum stöðugt.

Konur á friðarfundinum.

Kvenréttinda-Samoandslandsfélag Ameriku, ásamt flestum öðrum kvenfélögum í New York hafa á fulltrúaþingi í New York 20. nóv. samþykt áskorun til Wilsons forseta þar sem þær heimta að konur verði einnig valdar í friðarnefnd þá, sem skal mæta fyrir Bandaríkin á riðarfundi ófriðarþjóðanna í París.

Rosika Schwimmer kosin til að gegna sendiherrastörfum í Sviss.

Þess er getið í erlendum blöðum að Rosika Schwimmer sé sett af hinum Ungversku stjórnarvöldum til að vera löglegur »sendiherra« Ungverja í Sviss.

Það er fyrsta sinni í veraldarsögunni að konum hafi opinberlega verið falin slík virðingar og trúnaðarstaða. Áður hafa konur oft verið sendar í slíkum erindum landa og stjórna milli. En þær hafa ekki haft neitt opinbert erindisbréf né viðurkenningu fyrir því, og því ekki opinberlega getað komið fram sem fulltrúar ríkisstjórna sinna.

Rosika Schwemmer er alþekt sem foringi kvenréttindahreyfingarinnar í Ungverjalandi. Hún kom fyrst opinberlega fram sem fulltrúi Ungverskra kvenna erlendis við Alþjóðakvennaþingið í Berlín 1904 og Kaupmannahöfn 1906 og jafnan síðan, og var þá yngst af öllum fulltrúunum. Hreif hún alla með sinni óviðjafnanlegu mælsku og rökfimi. Það var einnig hún, sem síðar stóð fyrir því að ungverskar konur buðu að Alþjóðakvenréttindaþingið 1913 yrði haldið í Budapest, og gerði það með slíkri rausn og fyrirhyggju að þrátt fyrir stórmannlegar móttökur átti móttökunefndin þá 20,000 ungverskar krónur í risnusjóðnum þegar öllu var lokið.

Rosika Schwimmer var einnig aðalforkólfurinn og upphafsmaðurinn að þeirri tillögu að kvennaþingið sendi nefnd kvenna til allra ríkjastjórna í Evrópu 1913 til að reyna að fá þær til að fyrirbyggja ófriðinn sem þá var að draga upp — það var rétt á undan Balkanstríðinu. Úr þeirri för fór hún til Ameríku og hélt þar víðsvegar friðarfyrirlestra. Það var hún sem að sögn var pottur og panna að friðarleiðangri Fords. Hún hélt ótal mótmælafundi í byrjun stríðsins móti því, og sagt er að friðarskip Ford's hafi beinlínis verið smíðað handa henni. Þegar stríðið hófst sigldi hún heimleiðis á þessu skipi ásamt Ford sjálfum, sem ætlaði að taka þátt í þessum friðarleiðangri en sneri aftur í Kristjaníu, er hann veiktist þar. En Rosika hélt heimleiðis, en stofnaði áður friðarnefndir eða friðarfélög á Norðurlöndum, þar sem hún hafði ekki áður sett þau á fót. Þessi félög hafa þrátt fyrir stríðið, haft stöðugt samband sín á milli, og nú eru þau orðin fjölmenn í hverju landi um allan heim, og eflast og aukast árlega.

HF. EIMSKIPAFÉL. ÍSLANDS

Aðalfundur

Aðalfundur Hlutafélagsins Eimskipafélag Íslands verður haldinn í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík laugardaginn 28. júní 1919 og hefst kl. 1 eftir hádegi.

DAGSKRÁ:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu starfsári, og frá starfstilhöguninni á yfirstandandi ári og ástæðum fyrir henni, og leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstursreikninga til 31. desember 1918 og efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.
2. Tekin ákvörðun um tillögur stjórnarinnar um skiftingu ársarðsins.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Kosning 4 manna í stjórn félagsins í stað þeirra, sem úr ganga samkvæmt félagslögunum.
5. Kosinn endurskoðandi í stað þess er frá fer, og 1 varaendurskoðandi.
6. Umræður og atkvæðagreiðsla um [illegible] varp til reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð hf. Eimskipafé[illegible]s.
7. Umræður og atkvæðagreiðsla [illegible]nnur mál, sem upp kunna að verða borin.

Þeir einir geta sótt fundinn, sem hafa aðgöngumiða. Aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum og umboðsmönnum hluthafa á skrifstofu félagsins í Reykjavík, eða öðrum stað, sem auglýstur verður síðar, dagana 24.—26. júní, að báðum dögum meðtöldum. Menn geta fengið eyðublöð fyrir umboð til að sækja fundinn hjá hlutafjársöfnurunum um alt land og afgreiðslumönnum félagsins, svo og á aðalskrifstofu félagsins í Rvík.

Reykjavík, 30. desember 1918.

Stjórn Hf. Eimskipafélags Íslands.

Verzlunin

Björn Kristjánsson,

Reykjavík, **Vesturgötu 4,**

selur allskonar **VEFNAÐARVÖRUR** af vönduðustu tegundum; litirnir óvenjulega haldgóðir.

Meðal annars má nefna: **Klæði, enskt vaðmál, fatatau** allsk., **kjólatau, svuntutau, sjöl** stór, mikið úrval; **herðasjöl, karlmannaföt, prjónnærföt** fyrir börn og fullorðna o. m. m. fl.

Verðskrá sendist ókeypis þeim er óska.

Saumavélar

með hraðhjóli og kassa,

ágæta tegund — hefur

Haraldur Árnason

Austurstræti 22. *Sími 219.*

Útgefandi: *Briet Bjarnhéðinsdóttir.* — Prentsm. Gutenberg.